

60
ára

Aðalfundur

Borgartúni 27 • 105 Reykjavík

14. maí 2025



ÞROSKAFJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Dagskrá

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál

60
ára



Umbrot: Margrét Kröyer

Hér eru nokkrir af stofnfélögum í desember 2024

Skýrsla stjórnar starfsárið 2024 - 2025

Árið 2025 fagnar Þroskaðjálfafélag Ísland 60 ára afmæli.

Þann 18. maí 1965 tóku sig saman öflugar og framsýnar konur og stofnuðu Félag gæslusystra. Á aðalfundi árið 1996 var samþykkt að breyta nafni félagsins í Þroskaðjálfafélag Íslands.

Stjórn PÍ skipuðu:

Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður, **Halldóra Jóhannesdóttir Sanko** varaformaður, **Steinunn Jónsdóttir** ritari, **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** gjaldkeri og meðstjórnendurnir, **Anna Björk Sverrisdóttir**, **Gerður Pálsdóttir** og **Særún Ósk Bööðvarsdóttir**. Stjórn PÍ hefur skipað afmælisnefnd, hana skipa **Anna Lilja Magnúsdóttir**, **Auður Björk Kvaran**, **Hanna Kristín Sigurðardóttir**, **Jóhanna Margrét Einarsdóttir** og **Laufey Elísabet Gissurardóttir**.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Laufey Elísabet Gissurardóttir er fulltrúi í stjórn NFFS og tengiliður við Þroskahjálp, **Halldóra Jóhannesdóttir Sanko** er tengiliður við trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS, **Anna Björk Sverrisdóttir** er tengiliður við fagråd, **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** er tengill við vísindasjóð, **Særún Ósk Bööðvarsdóttir** er tengiliður við laganeftnd, **Gerður Pálsdóttir** er tengiliður við útgáfuråd og **Anna Lilja Magnúsdóttir**, framkvæmdastjóri PÍ, er tengiliður við Kjörneftnd og Siðaneftnd.

Hér á eftir verður greint frá því helsta í starfi stjórnar og félagsins á liðnu ári.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Hlutverk skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfar formaður, Laufey Elísabet Gissurardóttir, og framkvæmdastjóri, Anna Lilja Magnúsdóttir, í fullu starfi. Stjórnarfundir voru bæði rafrænir og á staðnum. Á skrifstofunni eru unnin flest þau verkefni sem snúa að rekstri félagsins og stjórnun þess. Meðal helstu verkefna má nefna:

- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga og kjara- og réttindamála.
 - Ráðgjöf vegna starfsmats hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum auk vinnu tengdri starfsmati.
 - Aðstoða félagsfólk, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsneftndum og kjaraneftndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
 - Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
 - Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
 - Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsfólk starfar.
 - Funda með trúnaðarmannaráði og félagsfólki á vinnustöðum um allt land.
 - Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
 - Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsfólks í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
 - Lögfræðipjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
 - Ráðgjöf til félagsfólks í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsfólks.
- Félagið birtir einnig atvinnuauplýsingar fyrir félagsfólk og vinnustaði.

- Annast samstarf við NFFS (Nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt varaformanni í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskaðjálfa/social educators.
- Annast samstarf við menntavísindasvið HÍ og reglubundna fræðslu til háskólanema.
- Aðgang að sjóðum BHM (Styrktarsjóður, Sjúkra-sjóður, Orlofssjóður, Starfsmenntunarsjóður, Starfsþróunarsetur háskólamanna) og orlofs-húsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóði.
- Vinna tengd BHM svo sem í neftndum og ráðum auk samráðs og stuðnings við ráð og neftndir PÍ.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Annast skráningu nýs félagsfólks og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsinga-miðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, neftndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Undirbúa aðalfund, félagsfundir, fræðslufundi, málþing og fræðsludaga ásamt undirbúnings-neftnd fagræðs og stjórn PÍ eftir atvikum.

Framhald á bls. 5

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 13 skipti. Áhersla hefur verið á undirbúning og viðræður vegna kjarasamninga en þeir losnuðu 31. mars árið 2024. Þessum löngu og ströngu viðræðum lauk í febrúar 2025.

Auk þess hafa umfjöllunarefni stjórnar þetta árið verið fagmál, erlent samstarf, starfsemi BHM auk rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2024 - 2025

Fundur með nefndum og ráðum var haldinn 4. september 2024.

Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár eru:

Fagráð

Aron Freyr Hermannsson (2023-2025)

Bjarnveig Magnúsdóttir (2024 – 2026)

Jóhanna Margrét Einarsdóttir (2023-2025)

Póra María Rögnvaldsdóttir (2024-2026)

Sigríður Árnadóttir (2023-2025)

Kristín Hulda Þórarinsdóttir (2024-2026)

Ólöf Haflína Ingólfssdóttir (2024-2026)

Tengiliður við stjórn: **Anna Björk Sverrisdóttir**

Kjörnefnd

Íris Björk Ágústssdóttir (2024-2026)

Álfheiður Hafsteinsdóttir (2023-2025)

Stefanía Smáradóttir (2023-2025)

Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir (2024-2026)

Ragnhildur Þórarinsdóttir (2024-2026)

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

Laganefnd

Arne Friðrik Karlsson (2024-2026)

Björn Finnbogason (2024-2026)

Damian Marek Idzikowski (2023-2025)

Guðlaug Valgeirsdóttir (2023-2025)

Katrín Eyjólfssdóttir (2023-2025)

Tengiliður við stjórn: **Særún Ósk**

Böðvarsdóttir

Útgáfuráð

Rósa Halldórsdóttir (2024-2026)

Sunna Líf Kristjánsdóttir (2024-2026)

Guðrún Benjamínsdóttir (2024-2026)

Trausti Júlíusson (2023-2025)

Rósa Hrönn Árnadóttir (2023-2025)

Anna María Snorradóttir (2023-2025)

Laufey Elísabet Löve frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfrafræðum

Tengiliður við stjórn: **Gerður Pálsdóttir**

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir, formaður

Bjarnveig Magnúsdóttir, gjaldkeri ÞÍ breyta

Þórunn Halldórsdóttir, ritari

Tengiliður við stjórn: **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir**

Siðanefnd

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir (2024-2027)

Guðný Sigurjónsdóttir (2022-2025)

Sigrún Broddadóttir (2023-2026)

Varamenn:

Árni Már Björnsson (2024-2027)

Friðrik Sigurðsson (2022-2025)

Signý Þórðardóttir (2023-2026)

Tengiliður við stjórn: **Anna Lilja Magnúsdóttir**

Skoðunarmenn reikninga eru **Sigríður Rut Hilmarsdóttir** og **Fanney Sumarliðadóttir**

Stéttarfélagar eru 785 talsins auk 7 fagaðila og eru konur í meirihluta eða 735 og karlar 50.

Auk þess eru namar í þroskaþjálfrafræðum skráðir með nemaðild.



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki



Í trúnaðarmannaráði eru:

Ráðgjafar- og greiningarstöð
Auður Sif Arnardóttir

Garðabær
Íris Baldvinsdóttir

Vestfirðir
Birgitta Rós Björnsdóttir

Hafnarfjörður - Víðivellir
Kristín Helga Marinósdóttir

Velferðarsvið/Kópavogur
Björg Maggý Pétursdóttir

Hafnarfjörður - grunnskólar
Margrét Erla Haraldsdóttir

Klettaskóli
Brynja Eypórsdóttir

Norðurland vestra
Maria Ylfa Lebedeva

Austurland
Fríða Björnsdóttir

Akranes
Martha Lind Róbertsdóttir

Landspítali- Ríki
Gerður Pálsdóttir

Mosfellsbær
Melkorka Rán Ólafsdóttir

Leikskólar Reykjavíkur
Guðný Bachmann

Reykjavík-dagþjónusta
Oddrún Ólafsdóttir

Suðurland, búseta-dagþjónusta
Guðrún Linda Björgvinsdóttir

Akureyri - búseta
Ólafur Aron Pétursson

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir

Reykjavík - grunnskóli
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Grunnskóli - Akureyri
Hafrún Bylgja Guðmundsdóttir

Reykjanesbær
Sigrún Sigurðardóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Herdís Halla Ingimundardóttir

Vestmannaeyjar
Sunna Jónsdóttir

Reykjavík-búseta
Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir

Kópavogur - grunnskólar
Pórunn Guðrún Einarsdóttir

60
ára



Hlutverk skrifstofu

Framhald af bls. 3

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins. Félagið er með aðkeypta þjónustu hjá bókara og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

Aðsetur ÞÍ er að Borgartúni 27, 2. hæð. Ef þú þarft að fá viðtal hjá okkur þá mælum við með því að þú pantir viðtalstíma með því að senda tölvupóst á throska@throska.is eða hringja í síma félagsins 595-5160.



1. maí 2024

proskapjálfar mættir í kröfugöngu

Kjarasamningar Proskapjálfafélags Íslands

Á síðasta aðalfundi Proskapjálfafélags Íslands (PÍ) hafði enn ekki náðst samkomulag við helstu opinbera launagreiðendur. Nú hefur hins vegar verið skrifað undir kjarasamninga við alla helstu samningsaðila: Ríkið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS), Ás styrktarfélag og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV). Samningarnir tóku gildi 1. apríl 2024 og gilda til 31. mars 2028.

Formlegar kjaraviðræður stóðu nær óslitið yfir allt síðasta ár. PÍ tók þátt í viðræðunum ásamt

öðrum aðildarfélögum BHM gagnvart ríkinu, Reykjavíkurborg og SNS. Þar sem opinberir launagreiðendur héldu fast í sameiginlegar samningslínur, þótti félaginu mikilvægt að vinna náðið með öðrum félögum innan BHM til að tryggja sameiginlegan árangur. Umfangi viðræðnanna var talsvert og fjöldi funda haldnir. Allir samningarnir byggja á sömu meginforsendum og samið var um á almennum vinnumarkaði, þar á meðal launahækkunum. Einnig hefur 36 stunda vinnuvika verið fest í kjarasamningum allra þessara aðila.

Samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga

Samningurinn við Samband íslenskra sveitarfélaga var undirritaður 4. desember 2024 og nær til proskapjálfa sem starfa á vettvangi sveitarfélaga annarra en Reykjavíkurborg. Lögð var sérstök áhersla á að styrkja stöðu og viðurkenningu proskapjálfa í leik- og grunnskólum. Þjónustan hefur þróast og orðið flóknari á undanförunum árum, meðal annars vegna laga um farsæld barna og breyttrar samfélagsgerðar. Í framhaldi af endurmati á starfslýsingum og störfum proskapjálfa í leik- og grunnskólum hjá Reykjavíkurborg var ákveðið að skoða þörun starfa við þau störf hjá Sambandinu. Samkomulag var um að kalla eftir starfslýsingum frá fjórum sveitarfélögum. Nú er Verkefnastofa starfsmats með þær í skoðun og væntanleg ákvörðun um þörun ætti að liggja fyrir í maí mánuði. Þar að auki var staðfest að undirbúningstímar proskapjálfa í leikskólum

geti numið allt að 10 klst. á viku. Samningsaðilar voru sammála um að beina því til Faglegar stjórnar starfsmats að endurskoða mat á þekkingarþætti þeirra starfa þar sem krafan til starfsins er fjögurra ára háskólanám (180 ECTS + 60 ECTS). Þá var samið um að proskapjálfar skuli eiga rétt á allt að 10 klukkustunda faghandleiðslu á ári, miðað við fullt starf. Í þessum kjarasamningi við SNS var líka breyting á persónuálagi vegna viðbótarmenntunar og starfsreynslu.



Samningur við ríkið

Samningurinn við ríkið var undirritaður 19. desember 2024 og er sambærilegur að

innihaldi við samninginn við sveitarfélögin. Þar eru sömu forsendur launahækkana og 36 stunda vinnuvikan fest í sessi.



Samningur við Reykjavíkurborg

Kjarasamningurinn við Reykjavíkurborg var undirritaður 10. janúar 2025. Hann byggir á sömu kjaraviðmiðunum og samningarnir við ríkið og sveitarfélögin, en í viðræðunum komu einnig fram mikilvægar áherslur sem varða eðli og sérstöðu starfsins.

Samningsaðilar voru sammála um að beina því til Faglegrar stjórnar starfsmats að endurskoða mat á þekkingarþætti þeirra starfa sem byggja á fjögurra ára háskólanámi (180 ECTS + 60 ECTS). Þá var samið um að þroskaþjálfar skuli

eiga rétt á allt að 10 klukkustunda faghandleiðslu á ári, miðað við fullt starf.

Þar að auki var staðfest að undirbúningstímar þroskaþjálfra í leikskólum geti numið allt að 10 klst. á viku. Þá var bókað sérstaklega um hlutverk teymisstjóra og deildarstjóra í málefnum fatlaðs fólks. Einnig var lögð áhersla á að starfsfólk hafi aðgang að viðeigandi tækjabúnaði til að sinna störfum sínum á faglegan hátt.

Samkomulag við Ás styrktarfélag

Þann 20. janúar 2025 var undirritað samkomulag milli Áss styrktarfélags og Þroskaðjálfafélags Íslands. Samkomulagið fylgir sömu meginforsendum og kjarasamningurinn við Reykjavíkurborg og tryggir sambærileg réttindi og starfsskilyrði fyrir starfsfólk hjá Ási.



ÁS STYRKARFÉLAG

Samningur við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu



Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) skrifuðu undir kjarasamning við Þroskaðjálfafélag Íslands þann 4. febrúar 2025. Samningurinn fylgir meginforsendum annarra samninga sem félagið hefur gert við opinbera aðila á sama tímabili.

Að auki er Þroskaðjálfafélag Íslands, ásamt öðrum félögum innan BHM, þessa dagana í samningaviðræðum við Samtök atvinnulífsins (SA).

Hægt er að skoða alla kjarasamninga Þroskaðjálfafélags Íslands á heimasíðu félagsins: www.throska.is

Proskapjálfar í 60 ár

Fræðsludagar proskapjálfa 2025 fóru fram í Hveragerði þann 6. og 7. febrúar, og var yfirskrift þeirra „**Proskapjálfar í 60 ár – Hvaðan komum við? Hvar stöndum við? Hvert stefnum við?**“ Viðburðurinn var haldinn til að fagna sex áratugum hjá proskapjálfum á Íslandi, veita proskapjálfum tækifæri til að líta til baka á sögu starfsins, skoða stöðuna í dag og ræða framtíðarhorfur stéttarinnar.


Á dagskrá fræðsludaganna voru erindi þar sem proskapjálfar sögðu frá sínum störfum, auk þess sem tekið var fyrir hvernig starfsþróun og faglegur stuðningur hefur þróast á þessum tíma. Erindin voru bæði innblástur og tækifæri fyrir þátttakendur til að deila eigin reynslu og lærdómi frá starfi sínu. Fræðsludagarnir voru einnig tækifæri til stefnumótunar, þar sem þátttakendur tóku þátt í vinnu sem stefndi að því að móta framtíð proskapjálfa og þeirra hlutverks í samfélaginu. Fræðsludagarnir heppnuðust vel þrátt fyrir óhagstæðar veðurspár og rauðar, gular og appelsínugular viðvaranir á öllu landinu. Proskapjálfar létu veðrið ekki stoppa sig að mæta á fræðsludaga.

Hvaðan komum við?
Hvar stöndum við?
Hvert stefnum við?

60
ára



Myndir frá fræðsludögum



Í tilefni afmælisársins voru tekin viðtöl við tvo af stofnendum félagsins, þroskapjálfa Hrefnu Haraldsdóttur og Kristjönu Sigurðardóttur. Þær rifjuðu upp stofnun félagsins, fyrstu skrefin í starfi þroskapjálfa og hvernig starfshættir og hugmyndafræði hafa þróast á síðustu 60 árum. Þær deildu einnig sýn sinni á það sem framtíðin ber í skauti sér og hvaða áskorunum og tækifærum stéttin stendur frammi fyrir í dag.

Þessi viðtöl eru ómetanleg heimild um sögu Þroskapjálfafélags Íslands og mikilvægt innlegg í umræðuna um vegferð stéttarinnar – hvaðan við komum, hvar við stöndum og hvert við stefnum? Á fræðsludögunum voru frumsýndir 4 hlutar úr viðtalinu sem hægt er að horfa á [hér](#).



Hlaðvarp sem ber heitið Þroskapjálfinn birtur á Spotify

Í fyrsta hlaðvarpsþættinum spjallar Auður Björk Kvaran, þroskapjálfi og hlaðvarpsstjóri ÞÍ, við Laufeyju Elísabetu Gissurardóttur, formann ÞÍ, og Jóhönnu Margréti Einarsdóttur, þroskapjálfa og fulltrúa fagráðs og afmælisnefndar ÞÍ. Í þættinum er meðal annars farið í umfjöllun um Fræðsludagana.

Þroskapjálfinn 2025



Þroskapjálfinn, fagrit þroskapjálfa, kemur út í maí 2025 og mun innihalda ýmsar áhugaverðar greinar sem varpa ljósi á fjölbreytt starf þroskapjálfa í samfélaginu. Í tilefni af 60 ára afmæli félagsins verður blaðið með nýju og fersku útliti. Við erum spennt að deila þessu blaði með ykkur.



Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki





Alþjóðlegur dagur proskapjálfa

Alþjóðlegur dagur proskapjálfa er haldinn 2. október ár hvert um allan heim. Proskapjálfar hafa sérþekkingu og kunnáttu til að veita fötluðu fólki og öðrum sem hafa skerta færni þann stuðning og þjónustu sem þau þarfnast á hverjum tíma. Reynslan sýnir að proskapjálfar gegna mikilvægu hlutverki og þjóna fjölbreyttum hópum í samfélaginu. Á þessum degi ætlum við að fagna 60 ára afmæli okkar með ráðstefnu í Gamla bíói.

Erlent samstarf


Proskapjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for Socialpedagoger (NFFS), samtökum norrænna proskapjálfa. Í þessu samstarfi eru, auk Íslands, félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi. Ísland, ásamt Færeyjum, hefur haft formennsku síðustu tvö árin, og hafa stjórnarfundir verið haldnir á Íslandi og í Færeyjum. Síðasti fundurinn þar sem ÞÍ hafði formennskuna var haldinn í Færeyjum 23. og 24. maí 2024. Haustið 2024 tók Danmörk við formennskunni, var fundur haldinn í Kaupmannahöfn 2. og 3. október. Næsti fundur verður einnig í Kaupmannahöfn þann 23. maí 2025, strax eftir að heimsráðstefnunni lýkur.

Á þessum fundum fara löndin yfir svokallaðar landsráttir, en hvert félag sendir inn sína skýrslu fyrir fundinn. Í þessum skýrslum kemur fram meðal annars: núverandi stjórn málaástand, kjaramál, vinnuáðstæður, vinnutími, atvinnuleysi, og innra starf félaganna, svo sem fræðsludagar, málþing, aðalfundur o.fl. Á fundinum sem haldinn var í maí var proskapjálfum á Norðurlöndum boðið til samtals um hvernig sameiginleg norræn hæfnisviðmið fyrir proskapjálfa gætu litið út.



Myndir frá stjórnarfundum NFFS í Færeyjum og Danmörku





Hvaða hæfni er mikilvæg fyrir þroskaþjálfara?

Fimmtudaginn 23. maí 2024 var haldinn fjarfundur frá Færeyjum þar sem formenn þroskaþjálfara frá Danmörku, Færeyjum, Noregi og Íslandi buðu til samtals um hvernig sameiginleg norrænn hæfnisviðmið fyrir þroskaþjálfara væru.

Markmiðið var að efla hinn sameiginlega norræna skilning á því hvað sérfræðipækking í þroskaþjálfarafræðum getur og þarf að geta gert í samskiptum við fólk með fötlun eða geðraskanir og börn í viðkvæmri stöðu, ungmennti og fullorðna.

Með skýrum sameiginlegum skilningi stöndum við sterkari þegar við í sameiningu eflum þroskaþjálfarafræði og fagmennsku þvert á landamæri á Norðurlöndum.

Upphafspunkturinn fyrir fjarfundinum var hæfni-prófíllinn um allan heim sem við höfum samið í alþjóðlegu fagfélagi okkar - AIEJI. Hægt er að lesa um alþjóðlega hæfniprófíllinn fyrir þroskaþjálfara [hér](#)



Heimsráðstefna proskapjálfa í Kaupmannahöfn

21. AIEJI heimsráðstefna fer fram í Kaupmannahöfn dagana 19. til 22. maí 2025. Skráning á þingið hófst **2. október 2024.**

Fjölbreytt úrval alþjóðlegra sérfræðinga mun kynna aðferðir og nálganir í proskapjálfafræðum.

Vefsíða heimsráðstefnu AIEJI er þessi www.aieji2025.com þar er hægt er að lesa allt efni á dönsku, ensku, spænsku og frönsku. Proskapjálfar ætla að fjölmenna á ráðstefnuna og eru þátttakendur frá Íslandi yfir 180 manns.



Proskapjálfafélag Íslands er með aðild að AIEJI (*International Association of Social Educators*).

Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum, til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.

Móttaka fyrir proskapjálfanema sem brautskrást með BA próf í proskapjálfafræðum

Þann 13. júní tók ÞÍ á móti BA útskriftarnemum í proskapjálfafræðum í húsnæði félagsins. Allt frá árinu 2014 hefur Proskahjálp veitt viðurkenningu fyrir lokaverkefni til B.A. gráðu í proskapjálfafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmiðið er að stuðla að framúrskarandi verkefnum sem nýtast fólki með proskahömlun og skyldar fatlanir og einhverfu fólki.

Leiðbeinendur loka-verkefna tilkynna þau verkefni sem þeim finnst skara fram úr og tekur dómnefnd við öllum tilnefningum og velur þar úr eitt verkefni. Að þessu sinni voru fulltrúar í dómnefnd frá Landssamtökunum Proskahjálp, Proskapjálfafélagi Íslands og Háskóla Íslands.

Tilnefnd voru þrjú framúrskarandi verkefni. Það verkefni sem hlaut viðurkenninguna í ár er



frá Landssamtökunum Proskahjálp, Proskapjálfafélagi Íslands og Háskóla Íslands. Tilnefnd voru þrjú framúrskarandi verkefni. Það verkefni sem hlaut viðurkenninguna í ár er

„**Að berja í brestina - Þróun aðgengilegrar geðheilbrigðisfræðslu fyrir einstaklinga með proskahömlun.**“ Fræðileg greinargerð og fræðsluhefti um algengustu geðraskanir, leiðir til að líða vel og meðferðarmöguleika, annað á auðlesnu máli og hitt á auðlesnu máli með myndum til stuðnings. Höfundar verkefnisins eru Dagný Birna Indriðadóttir og Gyða Stefanía Halldórsdóttir.

Mikil vöntun er á fræðslu í tengslum við geðheilbrigði fyrir fólk með proskahömlun og skyldar fatlanir og einhverft fólk. Verkefnið er því þarft innlegg um geðheilsu, upplýsingar um geðheilbrigði, geðraskanir og meðferðarmöguleika á auðlesnu máli og aðgengilegu formi, sem stuðlar vonandi að bættu heilsulæsi. Mikilvægi fræðsluefnisins og útfærsla þess er vel rökstudd í greinargerðinni sem byggir á góðri fræðilegri umfjöllun og nýlegum rannsókn-um um flesta þá þætti sem tengjast efninu. Þá eykur það gildi verkefnis að útfæra það

einnig með myndum sem gerir innihald fræðslunnar enn skýrari og stækkar hópinn sem getur nýtt sér þetta til muna. Verkefnið er því mjög hagnýtt fyrir fólk með proskahömlun og fyrir fagfólk sem starfar með fötluðu fólki.





60
ára

Önnur verkefni sem voru tilnefnd:

„Fordómar og ótti byggja á vanþekkingu“. Bæklingur fyrir verðandi foreldra eða foreldra sem voru að eignast barn með Downs heilkenni. Verkefnið tekur á mikilvægu siðferðilegu málefni sem vert er að vekja athygli á. Bæklingurinn leggur áherslu á að við erum öll einstök og búum yfir ólíkum hæfileikum og eigum öll okkar drauma.

Höfundar: Díana Sif Gunnlaugsdóttir og Hanna Dís Elvarsdóttir.

„Tengjumst.“ Aðgengilegt smáforrit sem tengir saman fatlað fólk og aðstoðarfólk. Smáforrit sem er til þess fallið að ýta undir valdeflingu og sjálfstæði fatlaðs fólks þegar kemur að því að velja sér aðstoðarfólk. Höfundar: Alexandra Einarsdóttir, Daði Steinn Jónsson og Hekla Sóley Arnarsdóttir.



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

Samstarf við háskólasamfélagið

Pann 15. júní 2024 brautskráði Háskóli Íslands 2.652 kandidata úr grunn- og framhaldsnámi. Líkt og undanfarin ár var brautskráð í tvennu lagi og fóru brautskráningarathafnirnar fram í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Auk þess brautskráðust 33 með viðbótardiplóma í proskapjálfafræði til starfsleyfis sem proskapjálfar og fengu þeir nú sem áður sérathöfn þar sem Proskapjálfafélag Íslands fagnaði þeim sérstaklega í Stakkahlíð á Menntavísindasviði.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs hélt ávarp við athöfnina og afhenti skírteini til útskriftanema. **Laufey Elísabet Gissurar-dóttir**, formaður Proskapjálfafélags Íslands flutti einnig ávarp við þessi tímamót.



Myndir frá útskrift proskapjálfa með 60 ECTS eininga viðbótardiplómu til starfsleyfis í proskapjálfafræðum í júní 2024




Biðla til stjórnvalda að stöðva fyrirhugaða brottvísun

Yfirlýsing vegna væntanlegrar brottvísunar Yazan Tamimi

Í júní 2024 sendi Þroskaþjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands og Iðjuþjálfafélag Íslands yfirlýsingu frá sér þar sem við tókum heils hugar undir yfirlýsingu Landsamtakanna Þroskahjálpar frá 16. júní síðastliðnum þar

sem skorað var á stjórnvöld að endurskoða ákvörðun sína um að senda úr landi Yazan Tamimi, 12 ára palestínskan dreng með Duchenne hrörnunarsjúkdóminn.



Þroskaþjálfafélag Íslands

í samvinnu við nokkur fagfélög, skoruðu á stjórnvöld að standa vörð um mikilvæga þjónustu fyrir ungt fólk sem glímur við margvíslegar áskoranir

Ákvörðun stjórnvalda leiðir til þess að endurhæfing fyrir ungt fólk verður lögð af! **Guðbjörg Pálsdóttir**, **Laufey Elísabet Gissurardóttir**, **Magnús Þór Jónsson**, **Steinunn Bergmann** og **Póra Leósdóttir** sendu saman inn grein 19. mars 2025

Undirritaðir formenn fagfélaga innan heilbrigðis- og menntagreina harma þá grafalvarlegu stöðu sem upp er komin og varðar geðendurhæfingu ungs fólks sem nýtur þjónustu Janusar endurhæfingar. Við lýstum yfir djúpum áhyggjum af stöðu og heilsu unga fólksins sem býr við flókinn og fjölbættan vanda. Hægt er að sjá yfirlýsinguna [hér](#)

Umsögn til Alþingis

Umsögn Þroskaþjálfafélags Íslands um breytingu á reglugerð nr. 1120/2012, um menntun, réttindi og skyldur þroskaþjálfara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, með síðari breytingum.



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

Áræðni
Frampróun
Sveigjanleiki

Þroskaþjálfafélag Íslands, í samvinnu við nokkur fagfélög, skoruðu á stjórnvöld að standa vörð um mikilvæga þjónustu fyrir ungt fólk sem glímur við margvíslegar áskoranir

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2024-2025

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2024. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn félagsins um rekstur félagsins. Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs PÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra. Félagssjóður skilaði rekstrarhagnaði upp á kr. 4.982.985 eftir fjármagnsliði árið 2024.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Skýrsla trúnaðarmannaráðs 2024-2025

Trúnaðarmannaráð hélt 3 fundi á starfsárinu, einn staðfund og tvo fjarfundir. Fjarfundir voru haldnir á Teams 5. september og 3. desember 2024. Þessir fundir voru helgaðir kjaraviðræðum þar sem farið var vel yfir gang mála. Formaður PÍ fór yfir breytt landslag í kjaraviðræðum þar sem viðsemjendur lögðu áherslu á að bandalagið færi saman í samningaviðræður þó svo að hvert félag eigi sinn samningsrétt. Staðfundurinn var svo haldinn í húsakynnum BHM í Borgartúni 27 þann 31. mars 2025. Á þeim fundi var farið yfir nýja kjarasamninga, rætt um stofnanasamninga sem

verið er að vinna og þörun starfa hjá Sambandi íslenskra sveitafélaga. Kynning var á sjóðum BHM og trúnaðarmenn upplýstir um stofnastyrki sem vinnuveitendur geta sótt í t.d fyrir faghandleiðslu. Trúnaðarmenn voru einnig hvattir til að skipuleggja fund með félagsfólki á þeirra svæði og formanni félagsins. Þá var einnig farið yfir hlutverk trúnaðarmanna og hvenær eigi að endurnýja umboð. Umboðið skal endurnýja á tveggja ára fresti og samkvæmt lögum félagsins skal það gert á odda-
töluári.

Skýrsla laganefndar 2024-2025

Laganefnd PÍ hefur fundað með formlegum hætti nokkrum sinnum á starfsárinu 2024-2025 auk óformlegra samtala milli funda. Hlutverk laganefndar er að vinna að og gera tillögur að lagabreytingum á lögum félagsins. Engin formleg beiðni um lagabreytingar barst til laganefndar á þessu

tímabili. Laganefnd hefur haldið áfram því verkefni að endurskoða lög félagsins þannig að þau ávarpi öll kyn með tilliti til breytinga á íslensku málfari og merking laganna breytist ekki. Sú vinna stendur ennþá yfir.

Skýrsla fagráðs 2024-2025

Nokkur endurnýjun varð í fagráði á síðasta aðalfundi og komu eftirtaldar nýjar inn Bjarnveig Magnúsdóttir, Kristín Hulda Þórhallsdóttir og Þóra María Rögnvaldsdóttir en þær komu inn fyrir Halldóru Kolku, Sunnu Mjöll Bjarnadóttur og Kolbrúnu Stígsdóttur. Þökkum við þeim fyrir störf þeirra Anna Björk Sverrisdóttir var áfram tengill stjórnar. Fagrád hefur haldið 10 formlega fundi og voru þeir bæði í gegnum Teams og í húsakynnum PÍ. Aðalverkefni fagráðs voru fræðsludagar sem voru haldnir í rauðri veðurviðvörðun dagana 6. og 7. febrúar á Hótel Örk. Það voru um 170 proskapjálfar sem mættu þrátt fyrir veðrið. Proskapjálfafélag Íslands á 60 ára afmæli árið 2025 fannst okkur mikilvægt að skoða uppruna, menntun og störf proskapjálfa

og var fyrirsögnin **Proskapjálfar í 60 ár. Hvaðan komum við?** Hvar stöndum við? Hvert stefnum við? Við val á fyrirlesurum ákváðum við að einbeita okkur að proskapjálfum sem vinna fyrir utan hinn hefðbundna starfsvettvang proskapjálfa og fengum við að heyra mörg skemmtileg og áhugaverð erindi. Eins var tekið viðtal við tvo af stofnendum félagsins, þær Hrefnu Haraldsdóttur og Kristjönu Sigurðardóttur, og var það sýnt í nokkrum styttri klippum yfir fræðsludaganna. Á föstudeginum fengum við Sigríði Indriðadóttur til að fara yfir með okkur hvernig við mótum framtíðarsýn, hvað sé mikilvægt að hafa í huga við þá vinnu. Sigríður stjórnaði svo hópavinnu eftir hádegi og mun sú vinna vera grunnur að framtíðarsýn félagsins.

Skýrsla útgáfuráðs 2024-2025

Vinna við nýtt tölublað Þroskaþjálfans hófst strax á fyrsta fundi útgáfuráðs s.l. haust, enda markmið okkar að nýtt tbl. Þroskaþjálfans líti dagsins ljós á hverju vori. Við hittumst fyrst á skrifstofu félagsins, en eftir það voru fundir á Teams og samskipti á Messenger og í tölvupósti. Vinnan við blaðið hefur gengið vel og þegar þetta er skrifað er meirihluti af efni blaðsins tilbúið og síðustu greinar væntanlegar á næstu dögum.

Um leið og við þökkum þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að vinnu við nýja blaðið fyrir þeirra framlag þá viljum við hvetja alla þroskaþjálfra hvar sem þeir eru niðurkomnir til að skipta sér af blaðinu. Það má skrifa greinar og koma með hugmyndir um efni, en svo er líka gott að fá ábendingar ef það er eitthvað sem mætti betur fara í blaðinu.

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2024-2025

Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfra og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Til siðanefndar er hægt að beina fyrirspurnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málefni, auk erinda vegna hugsanlegra brota á siðareglum félagsins. Siðanefnd úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum ÞÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

Á þessu starfsári hefur siðanefnd fundað alls fjórum sinnum og skipulagði auk þess einn fræðslufund. Siðanefnd fékk til umræða tölvu sem staðsett er á skrifstofu Þroskaþjálfafélagsins. Á árinu útbjó siðanefnd skjal sem vistað er á lokuðu Teamssvæði nefndarinnar. Þar eru skráð formleg erindi sem berast siðanefnd og afgreiðsla þeirra. Gögnin eru ekki persónugreinanleg og einungis skráð til að hafa yfirsýn yfir mál sem berast. Ekkert formlegt erindi barst til siðanefndar á yfirstandandi starfsári.

Siðareglurnar eru leiðarvísir sem er mikilvægt að styðjast við þegar upp koma atvik sem þarfnast skoðunar en þær eru verkfæri fyrir þroskaþjálfra til að líta í eigin barm, ígrunda og til að efla sig í starfi. Á síðasta aðalfundi ÞÍ 16. maí 2024 var fyrir til-stuðlan siðanefndar byrjað að vekja athygli á einni siðareglu í einu og hún birt á heimasíðu félagsins til ígrundunar, undir flípanum Siðaregla mánaðarins. Siðareglur og starfsreglur siðanefndar eru aðgengi-
legar á heimasíðu Þroskaþjálfafélags Íslands
<http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>

Siðanefnd skipa:

Guðný Sigurjónsdóttir
Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir
Sigrún Broddadóttir
Varamenn eru:
Árni Már Björnsson
Friðrik Sigurðsson
Signý Þórðardóttir.

Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2024-2025

Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum Vísindasjóðsstyrkja fyrir 1. mars 2025 samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins. Styrkir voru greiddir út fyrir tímabilið 1. janúar 2024 til 31. desember 2024. Alls voru greiddir 752 styrkir eða alls **kr.: 81.452.250,-**



www.throska.is

Skýrsla kjörnefndar 2024-2025

Í lögum Proskapjálfafélags Íslands 10.5 gr. segir:

Í félaginu skal starfa fimm manna kjörnefnd er annist undirbúning og framkvæmd kosninga fyrir næsta aðalfund, atkvæðagreiðslu vegna kjarasamninga og aðrar atkvæðagreiðslur sem stjórn felur nefndinni að annast.

Kjörnefnd leitar eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins. Nýjum framboðum í stjórn skulu fylgja meðmæli a.m.k. tuttugu félagsmanna. Tillögur kjörnefndar um félagsmenn í stjórn, nefndir og ráð skulu liggja fyrir a.m.k. fjórum vikum fyrir aðalfund.

Kjörnefnd hittist yfir nokkrum sinnum yfir tímabilið á Teams fundum og fór yfir stöðuna saman. Þess á milli átti nefndin einnig í samskiptum í gegnum Messenger.

Í ár voru fimmtán proskapjálfar að ljúka kjörtímabili sínu og átta af þeim gáfu kost á sér til áframhaldandi setu eða til setu í nýrri stöðu. Þá eru 7 nýir

proskapjálfar sem gefa kost á sér í fyrsta sinn til setu í stjórn, ráðum og nefndum. Vel gekk að manna í öll embætti.

Kjörnefnd býður nýja proskapjálfa í stjórn, ráð og nefndir velkomna til starfa og þakkar þeim sem ljúka setu fyrir vel unnin störf.

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

Siðanefnd

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir (2024-2027)

Árni Viðar Þórarinsson (2025-2028)

Sigrún Broddadóttir (2023-2026)

Varamenn í Siðanefnd

Árni Már Björnsson (2024-2027)

Guðný Sigurjónsdóttir (2025-2028)

Signý Þórðardóttir (2023-2026)



Proskapjálfafélag Ísland
60 ára

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2025-2027

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2025-2027
Stjórn ÞÍ			
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2024-2026)	
Halldóra J. Sanko	varaformaður	(2023-2025)	Auður Kvaran, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2023-2025)	Auður Kvaran, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Særún Ósk Böðvarsdóttir		(2024-2026)	
Steinunn Jónsdóttir		(2024-2026)	
Anna Björk Sverrisdóttir		(2023-2025)	Pórdís Adda Haraldsdóttir
Gerður Pálsdóttir		(2024-2026)	
Útgáfuráð			
Rósa Halldórsdóttir		(2024-2026)	
Sunna Líf Kristjánsdóttir		(2024-2026)	
Trausti Júlíusson		(2023-2025)	Trausti Júlíusson
Anna María Snorrardóttir		(2024-2027)	Venný Hönnudóttir
Guðrún Benjamínsdóttir		(2024-2026)	
Rósa Hrönn Árnadóttir		(2023-2025)	Valborg Helgadóttir
Fagráð			
Aron Freyr Hermannsson		(2023-2025)	Sara Hlín Liljudóttir
Ólöf Haflína Ingólfssdóttir		(2024-2026)	
Bjarnveig Magnúsdóttir		(2024-2026)	
Sigríður Árnadóttir		(2023-2025)	Birgitta Elín Helgadóttir
Jóhanna Margrét Einarsdóttir		(2023-2025)	
Póra María Rögnvaldsdóttir		(2024-2026)	
Kristín Hulda Þórarinsdóttir		(2024-2026)	
Laganefnd			
Damian Marek Idzikowski		(2023-2025)	Damian Marek Idzikowski
Guðlaug Valgeirsdóttir		(2023-2025)	Guðlaug Valgeirsdóttir
Arne Friðrik Karlsson		(2024-2026)	
Katrín Eyjólfssdóttir		(2023-2025)	Katrín Eyjólfssdóttir
Björn Finnbogason		(2024-2026)	
Kjörnefnd			
Stefanía Smáradóttir		(2023-2025)	Stefanía Smáradóttir
Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir		(2023-2025)	Kristín Huld Sigurðardóttir
Álfheiður Hafsteinsdóttir		(2023-2025)	Álfheiður Hafsteinsdóttir
Íris Björk Ágústssdóttir		(2024-2026)	
Ragnhildur Þórarinsdóttir		(2024-2026)	

Skoðunarmenn reikninga

Sigríður Rut Hilmarsdóttir
Fanney Sumarliðadóttir

Starfsáætlun Proskapjálfafélags Íslands 2025-2026

Í lögum ÞÍ í gr. 2. er fjallað um tilgang félagsins þar segir:

1. Að efla stétt proskapjálfa, stuðla að samvinnu þeirra og samstöðu og gæta hagsmuna þeirra.
2. Að semja um kaup og kjör proskapjálfa og standa vörð um réttindi þeirra.
3. Að styrkja stéttarvitund proskapjálfa og efla áhuga þeirra á öllu er að starfi þeirra lýtur.
4. Að efla og standa vörð um menntun proskapjálfa, grunnmenntun, framhaldsmenntun, símenntun og endurmenntun.

5. Að hafa samstarf við félög proskapjálfa og annarra hliðstæðra stétta erlendis.
6. Að gæta hagsmuna fatlaðs fólks, stuðla að framförum í málefnum þeirra og beita sér fyrir auknum skilningi á stöðu þeirra og þörfum.
7. Að semja við stjórnvöld um framlög vegna sjálfstætt starfandi proskapjálfa.

Gildin eru **Áræðni, Framþróun og Sveigjanleiki.**



PROSKAPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
ÁRÆÐNI - FRAMÞRÓUN - SVEIGJANLEIKI

Kjaramál

- Proskapjálfafélag Íslands er með samningsumboð fyrir hönd proskapjálfa sem starfa hjá sveitarfélögum, ríki, samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og á almennum markaði.
- Proskapjálfafélag Íslands er eitt aðildarfélag Bandalags Háskólamanna (BHM) og njóta félagsmenn með stéttarfélagsaðild réttinda sem sjóðir BHM veita.
- ÞÍ hefur frumkvæði að réttinda- og hagsmunabaráttu proskapjálfa.
- ÞÍ veitir félagsmönnum sínum margvíslega þjónustu og upplýsingar um réttindi þeirra. Það er gert m.a. með heimasíðu, facebook, tölvusamskiptum, símaþjónustu og fundum.
- Proskapjálfafélag Íslands leggur áherslu á að vera með öfluga trúnaðarmenn um allt land.

Hagsmunagæsla

- ÞÍ er fagfélag proskapjálfa á Íslandi og stendur fyrir margvíslegum verkefnum til að sinna því hlutverki.
- Proskapjálfar sem eru í öðru stéttarfélagi geta sótt um að vera með fagaðild að ÞÍ.
- ÞÍ tekur virkan þátt í stefnumótandi umræðu og ákvörðum aðildarfélaga BHM sem fara fram á formannaráðsfundum bandalagsins.
- ÞÍ tekur þátt í aðalfundi BHM sem haldin er í maí ár hvert.
- ÞÍ sinnir eftirfylgni gagnvart stjórnvöldum um hagsmunamál félagsins, m.a. á grundvelli umsagna.
- ÞÍ vekur athygli á Alþjóðadegi proskapjálfa sem er 2. október ár hvert, t.d. með viðburði og hvetja proskapjálfa til að segja frá störfum sínum og vera sýnilegir.

- ÞÍ er með aðild að Landsamtökunum Proskahjálpar og situr formaður formannafundi Proskahjálpar og eigum við fulltrúa á landsþingi samtakanna.
- ÞÍ vekur athygli á greinaskrifum og viðtölum við proskapjálfa, m.a. í gegnum samfélagsmiðla félagsins.

Fagmál

- Skrifstofa félagsins sinnir undirbúningi fyrir árlegan fund stjórnar með nefndum og ráðum félagsins í september/október.
- Stjórn ÞÍ er með tengil við ráð og nefndir félagsins og veitir hvatningu og stuðning við störf nefna og ráða.
- Útgáfuráð sér um að gefa út Proskapjálfafréttir á vormánuðum ár hvert.
- Fagráð sér um að skipuleggja starfsdaga 6. og 7. febrúar 2025.
- Proskapjálfafélag Íslands verður 60 ára 18. maí 2025 verður skipuð afmælisnefnd til að undirbúa afmælið.
- ÞÍ heldur útskriftarathöfn í samvinnu við Menntavísindasvið fyrir proskapjálfafréttir sem eru að ljúka 60 ECTS eininga viðbótar diplómu til starfsleyfis í proskapjálfafræði

Samstarf

- Reglubundnir fundir með ÞÍ með forseta menntavísindasviðs og starfsmönnum proskapjálfabrautar HÍ, til að ræða sameiginleg málefni og efla samstarf.
- Samstarf við proskapjálfabraut og Proskahjálpar vegna viðurkenningu fyrir BA verkefni.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Fjármál

- Umsýsla með fjármál félagsins liggur hjá starfsmönnum ÞÍ.
- Eftirlit með fjárreiðum félagsins er í höndum starfsmanna og stjórnar.
- Undirbúningur ársreikninga og fjárhagsáætlunar sem lögð er fyrir aðalfund.

**Erlent samstarf**

- Þroskaþjálfafélag Íslands er aðili að NFFS (nordisk forum for socialpedagoga) er norrænt samstarf þroskaþjálfra og fundar hópurinn tvisvar á ári.
- Þroskaþjálfafélag Íslands er aðili að AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskaþjálfra/ social educators.



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS
ÁRÆÐNI - FRAMHRÓUN - SVEIGJANLEIKI

Viðburðir á 60 ára afmæli ÞÍ

- Fræðsludagar ÞÍ 6. og 7. febrúar 2025, tengt afmæli félagsins.
- Fræðsla á vegum siðanefndar um sjálfræði og velferð, 13. mars 2025
- Aðalfundur 14. maí 2025 þar sem lagðir eru fram ársreikningar félagsins, fjárhagsáætlun stjórnar, starfsáætlun stjórnar og skýrsla stjórnar og nefnda.
- Alheimsráðstefna þroskaþjálfra í Kaupmannahöfn 19. maí til 22. maí 2025.
- Móttaka á Bessastöðum fyrir stofnfélaga ÞÍ, stjórn, ráð og nefndir.
- Móttaka fyrir þá sem brautskrást með BA próf í þroskaþjálfrafræðum og þar mun Þroskaþjálf hjálpa afhenta viðurkenningu fyrir lokaverkefni, 12. júní 2025.
- Útskriftarathöfn fyrir þroskaþjálfanema sem eru að ljúka 60 ECTS eininga viðbótardiplómu til starfsleyfis í þroskaþjálfrafræði í 14. júní.
- Afmæliráðstefna á alþjóðadegi þroskaþjálfra 2. október 2025 í Gamla bíó.

- Fundur stjórnar með ráðum og nefndum sem starfa á vegum félagsins haldin september/ október.

Nefndir og ráð félagsins hafa fundað í gegnum fjarfundabúnað og í raunheimum síðasta starfsár líkt og stjórn félagsins. Mikilvægt er að hafa virkt félagsfólk sem endurspeglast í starfi félagsins. Þessum aðilum verður seint fullþakkað.

Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins hér aftar í skýrslunni.

Stjórn vill þakka öllum þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Reykjavík 10. apríl 2025

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,
Laufey Elísabet Gissurardóttir, formaður ÞÍ



60
ára

1965 - 2025



PROSKAPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS